



Samstarfsnefnd SÍ og Rvkb
Málsnúmer: R10110066
Búið til: 31.05.2011
Skráð af: Kristín Þóra Harðardóttir

Fundargerð		Bréfalyklar:	13310 Kjarasamningar, opinberir
Efni:	Samstarfsnefnd SÍ og Rvkb	Tilkynningar:	
Tegund skjals:	Fundargerð		
Dags:	31.05.2011		
Fyrirtæki:	Ráðhús Reykjavíkur - mannauðsskrifstofa		
Nafn:			

Texti:

Fundur samstarfsnefndar Sálfræðingafélags Íslands og Reykjavíkurborgar haldinn í Karphúsi 31. maí 2011.

Viðstödd:

Frá Rvkb: Hallur Páll Jónsson, Árni Ragnar Stefánsson, Ingunn Gísladóttir, Kristín Þóra Harðardóttir

Frá SÍ: Guðfinna Halla Þorvaldsdóttir, Helga Kristinsdóttir

1-2011 Sérfræðiviðurkenning

Samstarfsnefnd er sammála um að meta sérfræðiviðurkenningu sálfræðinga sbr. reglugerð 158/1990 á eftirfarandi hátt við röðun í launaflokkum:

Fyrsti áfangi: Sálfræðingur hafi starfað í 1,5 ár í fullu starfi eða sambærilegt, en þó ekki minna starfshlutfall en 50% og sótt námskeið Sálfræðingafélags Íslands sbr. 9. gr. reglugerðar um sérfræðileysi sálfræðinga. Einnig hafi viðkomandi eftirfarandi fjölda námskeiðstíma og fengið handleiðslu: 100 fræðslustundir og 25 handleiðslutíma (eða 20 einkahandleiðslutíma og 10 hóphandleiðslutíma).

Eftir fyrsta áfanga er röðun 2 launaflokkum hærra en ella.

Annar áfangi: Sálfræðingur hafi starfað í 2,5 ár í fullu starfi og hafi lokið 150 fræðslustundum og 45 handleiðslutímum (eða 30 einkahandleiðslutímar og 30 hóphandleiðslutímar). Eftir annan áfanga er röðun 2 launaflokkum hærra en ella.

Þriðji áfangi: Sálfræðingur hafi starfað í 3,5 ár í fullu starfi og hafi lokið 225 fræðslustundum og 70 handleiðslutímum. Eftir þriðja áfanga er röðun 2 launaflokkum hærra en ella.

Fjórði áfangi: Sálfræðingur hafi starfað í 4,5 ár í fullu starfi og hafi lokið 300 fræðslustundum og 100 handleiðslutímum. Eftir fjórða áfanga er röðun 2 launaflokkum hærra en ella.

Fimmti áfangi: Sálfræðingur sem hefur öðlast sérfræðiviðurkenningu í viðkomandi sérgrein. Raðist 1 launaflokk hærra en ella.

Hæfnislaunaflokkar skv. ákvæði um sérfræðiviðurkenningar geta að hámarki verið 9.
Samþykkt

2- 2011 Þróun starfa.

Aðilar sammála um að fylgjast með þróun starfa sálfræðinga á þjónustumiðstöðvum og vinna greiningu á eðli og umfangi starfanna með Velferðarsviði, ef þurfa þykir.

Samþykkt

3. Handleiðsla

Reykjavíkurborg mun verja sérstöku viðbótarfjármagni á samningstímanum til að standa straum af handleiðslu og öðrum faglegum stuðningi til sálfræðinga hjá Reykjavíkurborg, eftir nánari heimildarreglum sem Reykjavíkurborg setur. Þetta fjármagn verður sem hér segir:

Á árinu 2011, kr. 1.000.000

Á árinu 2012, kr. 1.250.000

Á árinu 2013, kr. 1.250.000

Samþykkt


Helga Kristinsdóttir
